

Mál nr. 89/2021

**M og
V v/ vatnstjónstryggingarliðs fasteignatryggingar.**

Ágreiningur um umfang tjóns af völdum vatnsleka.**Gögn.**

1. Málskot, móttækið 5.3.2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 19.3.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 11. desember 2020 varð tjón af völdum vatnsleka í íbúð M, einkum baðherbergi. V hefur fallist á greiðslu bóta vegna tjónsins úr vatnstjónstryggingarlið fasteignatryggingar sem M hefur í gildi hjá V. Hefur V metið tjónið að fjárhæð 728.102 krónur þegar dregin hefur verið frá eigin áhætta vátryggðs og virðisaukaskattur af vinnuliðum vegna viðgerðar á skemmdum í íbúðinni. M kveður tjónið ekki vera að fullu bætt með því tjónsmati sem V hefur gert. Eftir standi að bæta tjón vegna fataskáps að fjárhæð 338.736 krónur, sturtuklefa að fjárhæð 209.912 krónur og baðinnréttingar að fjárhæð 204.571 króna. V telur að tjón á þessum þremur munum sé ósannað og hefur hafnað þessum kröfuleiðum.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, úrskurðar nefndin um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og vátryggingafélags, sem starfsleyfi hefur hér á landi. Þá segir í 2. mgr. sömu greinar að nefndin úrskurði um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila. Samkvæmt 3. mgr. úrskurðar nefndin hvort ágreiningur aðila heyri undir nefndina og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að unnt sé að úrskurða í málinu. Telji nefndin svo ekki vera vísar hún málinu frá.

Eins og mál þetta liggur fyrir verður að telja að ágreiningur aðila varði fjárhæð þess tjóns sem varð af völdum vatnslekans í íbúð M. V hefur ekki fallist á að úrskurðarnefndin fjalli um bótafjárhæðir í máli þessu en það er skilyrði þess að nefndin geti fjallað um slíkan ágreining, sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir nefndina. Við svo búið heyrir ágreiningurinn ekki undir nefndina og verður því ekki hjá því komist að vísa málinu frá, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktanna.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík, 20. apríl 2021.

Bóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.